

fram fyrir yfirdóminn vottorð sáttanefndarinnar, snertandi málsatvik þessi, en með því að skjál þetta hefur eigi komið fram fyrir undirrettinum og með því að framlegging þess í yfirdóminum eigi er heimiluð með konunglegu leyfisbrjefi, þá verður gegn mótmælum áfrýjanda eptir gildandi rjettarfarsreglum ekkert til-lit tekið til þess í málinu, eins og það nú liggur fyrir. — Það verður því að dæma dóm hjeradsrjettarins ómerkan, og vísa málinu frá undirrettinum. Eptir málavöxtum á sakarkostnaður fyrir báðum dómum að falla niður.

Því dæmist rjett að vera:

Dómur aukarjettarins á að vera ómerkur og visast málinu frá undirrettinum. Málskostnaður fyrir báðum dómum falli niður.

Mánudaginn 17. desembermán.

Nr. 46/1888.

Rjettvísín

gegn

Birni presti Þorlákssyni.

Dómur:

Af hálfu rjettvísinnar hefur sök þessi verið höfðuð gegn Birni presti Þorlákssyni á Dvergasteini til hegningar eptir hegningarlöganna 113. gr., 2. málsgrein, eða eptir samkvæmi (Analogi) við þessa grein fyrir það, að hann á sáttanefndarfundi, á meðan, að sátta var leitað milli hans og Bjarna hreppstjóra Siggeirssonar, hafi slegið hann þar sem hann sat á stól,

velt svo stólnum ásamt Bjarna Siggeirssyni, og enda slegið eitthvað til hans síðar, er hann lá á gólfinu. Eptir því, sem fram er komið, er ástæða til að halda, að hörð orð hafi gengið á milli partanna á undan þessari árás, að hverri lokinni prestur fór út, en kom strax inn aptur, og var þá haldið áfram sáttatilauninni, er varð árangurslaus, þó lítið bæri á milli. Hinn eini sáttanefndarmaður, er fjallaði um sættirnar, og sem því er einn til frásagna um það er gjörðist, hefur enn fremur skýrt svo frá, að hann hafi tekið fram í, en það hafi verið rjett í því prestur hætti athæfi sínu, og virðist þá eptir þessu svo hafa til gengið, að sáttatilaunin að visu hafi truflazt um stund, þangað til hann tók fram í, en ekki svo að það hafi haft áhrif á sáttatilaunina í heild sinni.

Eptir því sem ráða má af prófunum varð Bjarni Siggeirsson eigi fyrir neinum áverka.

Með dómi aukarjettar Norður-Múlasýslu 22. maí þ. á. var hinn ákærði, Björn prestur Þorláksson, fyrir athæfi sitt dæmdur í 100 kr. sekt til landsjóðs, eða ef öll sektin eigi er greidd í tíma, til 30 daga fangelsis, svo og fyrir ósæmilegan rithátt í 20 kr. sekt, er renni í fátækra sjóð Seyðisfjarðarhrepps og í landsjóð, með helmingi til hvors þeirra. Enn fremur var hinn ákærði dæmdur til að greiða allan af málinu löglega leiðandi kostnað.

Eptir tilskipun 20. jan. 1797, 2. gr., er það amtmaður, eða skipaðar sáttanefndir í hans stað, sem innan luktra dyra eiga að leita sátta á milli máls-partanna, og veita þeim kost á að semja sjálfir um mál sín, löggilda svo sátta þeirra, eða vísa málinu til dómstólanna, og verður ekki álitid, að fundir sátta-

nefnda sjeu samkynja eða sama eðlis og fundir þeir og samkomur um opinber mál, er 113. gr. hegningarlaganna ræðir um. Verður því ekki, þótt álíta mætti löglega sannað, að hinn ákærði væri sannur að sök, 113. gr. hegningarlaganna eða „Analogi“ beitt í þessu máli.

Hinn ákærða ber því að dæma sýknan af ákærum rjettvísinnar í sök þessari, en að því er hinn ákærði hefur verið sektaður fyrir ósæmilegan rithátt fyrir undirrjetti, ber að staðfesta dóm aukarjettarins.

Allan kostnað málsins í hjeradi og fyrir yfir dómi ber að greiða af almannaþje, þar á meðal 20 krónur í málsfærslulaun til hins skipaða sóknara og svaramanns hjer fyrir rjettinum, 10 krónur til hvors þeirra.

Það er aðfinningarvert, 1) að rannsóknardómariinn fyrir rjetti hinn 5. ág. 1887 hefur sagt út af ummælum ákærða, að þau yrðu „að álitast eins og annað marklaust slúður“; 2) að dómariinn eigi hefur lagt fram í máli, er hann dæmdi hegningardóm í, skírnar- og fæðingar- samt hegningarvottorð, eða önnur næg skírteini sem ígildi í þeirra stað. Þó að í þessu tilfelli megi álíta, að hinn ákærði sje kominn yfir sakamanna lögaldur, og eigi sætt ákæru eða hegningu fyrir nokkurt afbrot, er það skylda dómarsans að fylgja því sem lögskipað er.

Að öðru leyti vottast að rekstur máls þessa í hjeradi er vítalaus, svo og sókn og vörn þess hjer fyrir rjettinum lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn ákærði, Björn prestur Þorláksson, á að

vera sýkn af ákærum rjettvísinnar í þessu máli, en fyrir ósæmilegan rithátt ber honum að greiða 10 kr. til fátækra sjóðs Seyðisfjarðarhrepps og 10 kr. til landsjóðs.

Allur af málinu löglega leiðandi kostnaður, þar með talin málsfærslulaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdómi, málflutningsmannanna Páls Briem og Guðlaugs Guðmundssonar, 10 kr. til hvors þeirra, greiðist af almanna-fje.

Hin ídæmda sekt greiðist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa undir aðför að lögum.

Nr. 47/1888.

Rjettvísinn

gegn

Jóni Erlendssyni.

Dómur:

Sök þessi er í hjerði höfðuð gegn hinum ákærða, Jóni Erlendssyni, fyrir rán, og var henni ráðið til lykta með dómi aukarjettar Árnassýslu, upp kveðnum 12. júním. 1888, þannig að hinn ákærði var sýknaður af kærum hins opinbera og málskostnaður dæmdur á almanna-fje. — Þessum aukarjettardómi hefur amtmaðurinn yfir Suðuramtinu áfrýjað til yfirdómsins.

Hinum ákærða er gefið það að sök, að hann hafi rænt rjetta eigendur hryssu, kú, tveim ám og fjórum lömbum, með þeim atvikum er nú skal greina.